



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg, 21. febrúar 2019

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 20. febrúar s.l. var lögð fram beiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, dags. 31. janúar 2019 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Eftirfarandi bókun var gerð:

15. Beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Fyrir liggur beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), 356. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps styður ekki við frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur).

Sveitarstjórn telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur. Vissulega vill sveitarstjórn styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og telur að slíkt þurfi að byrja með aukinni fræðslu í elstu deildum grunnskóla þar sem að ungmennum er veitt fræðsla meðal annars um stjórnsýsluna. Einnig þarf að gera Ungmennaráð að fastanefndum hjá öllum sveitarfélögum og hvetja til þess að ungmenni séu einnig höfð í huga þegar valið er í aðrar fastanefndir sveitarfélaga þannig að rödd ungs fólks heyrir þegar verið er að fjalla um málefni samfélagsins. Með slíkum breytingum er ungu fólki veitt aukið tækifæri til að hafa áhrif á samfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar



SVEITARSTJÓRI

GRÍMSNES OG
GRAFNINGSHREPPUR

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri